



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 4/2012

Ákvörðun um sekt vegna framsetningar Sjónvarpsmiðstöðvarinnar á tilboðsverði

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Sjónvarpsmiðstöðvarinnar ehf., dags. 17. nóvember 2011, fór Neytendastofa fram á að fyrirtækið færði sönnur á að vörur seldar hjá fyrirtækinu hefðu verið seldar á tilgreindu fyrra verði áður en til afsláttar kom. Í bréfi Neytendastofu var vísað í vörurnar:

1. 42“ FHD 1080p IPS Alpha. Vörunúmer TXL42U3. Tilboð kr. 159.990. Verð kr. 179.990.
2. 42“ LCD Pixel Plus HD. Vörunúmer 42PFL4506H. Tilboð kr. 149.990. Verð kr. 179.990.
3. 42“ LCD Pixel Plus HD. Vörunúmer 42PFL4505H. Tilboð kr. 159.990. Verð kr. 229.990.
4. Heimabíókerfi með DVD spilara. Vörunúmer SCPT90. Tilboð kr. 23.990. Verð kr. 34.990.

Í bréfinu var vísað til ákvæða 5. gr., 8. gr., d. liðar 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, auk ákvæðis 3. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

2.

Svar Sjónvarpsmiðstöðvarinnar barst Neytendastofu með bréfi, ódags., þann 29. nóvember 2011. Í bréfinu kemur fram að fyrirtækið selji mörg þúsund mismunandi vörur, sé á hörðum samkeppnismarkaði og verð á vörum geti hreyfst frá degi til dags. Sá háttur hafi verið hafður á að nota ekki „verð áður“ eins og gefið hafi verið í skyn í bréfi stofnunarinnar, heldur hafi verið notað „fullt verð“ sem vísi til þess verðs sem vara hafi verið á þegar hún kom fyrst á markað hjá



fyrirtækinu, ekki ósvipað hugtakinu RRP sem standi fyrir Recommended retail price og sé til dæmis í notkun í Bretlandi. Ef verð lækki frá þessu fulla verði þá hafi það verið tilgreint.

Fyrirtækið átti sig ekki á því hvort sú leið til verðlagningar samrýmist núgildandi reglum um framsetningu. Í bréfinu er óskað skýringa á því hvort óheimilt sé að nota „fullt verð“ með þeim hætti sem gert sé svo hægt sé að gera viðhlítandi breytingar á verðmerkingum ef ekki sé rétt að nota orðalagið. Fyrirtækið muni að sjálfsögðu fara eftir leiðbeiningum Neytendastofu í því efni.

3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 6. janúar 2011 var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar. Jafnframt vísaði Neytendastofa til skýringa reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði og þeirra ákvæða sem vísað var til í bréfi stofnunarinnar, dags. 17. nóvember 2011. Þá var vísað til almennrar umfjöllunar um útsölur og tilboð á heimasíðu stofnunarinnar.

II.

Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Neytendastofa farið fram á að Sjóvarpsmiðstöðin færi sönnur á að tilboðsvörur hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði. Svör Sjóvarpsmiðstöðvarinnar bárust Neytendastofu með bréfi, ódags., þann 29. nóvember 2011.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt bann við óréttmætum viðskiptaháttum. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er skv. ákvæðinu nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða skv. ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.



Í 9. gr. laganna er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almenntri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málsgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við og í d. lið segir:

„verð vöru eða þjónustu eða aðferð við útreikning á verði og hvort um sértíloboð eða annað verðhagræði sé að ræða og hvort það sé háð skilyrðum.“

Ákvæði 11. gr. laganna sem er í III. kafla þeirra er svohljóðandi:

„Útsölu eða aðra sölu, þar sem selt er á lækkuðu verði, má því aðeins auglýsa eða tilkynna að um raunverulega verðlækkun sé að ræða. Þess skal gætt að greinilegt sé með verðmerkingum hvert hið upprunalega verð vörunnar var.“

Tilgangur ákvæðisins er að koma í veg fyrir að neytendur séu blekkir í auglýsingum eða upplýsingum um útsölur.

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði. Í 3. gr. reglnanna segir:

„Þegar auglýst er lækkað verð á vöru eða þjónustu skal fyrra verð vera það verð sem varan var seld á áður en til lækkunar kom.

Seljandi skal geta sannað að vara eða þjónusta hafi verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.“

Ákvæðið er til fyllingar ákvæði 11. gr. laga nr. 57/2005 þar sem kveðið er á um að um raunverulega verðlækkun skuli vera að ræða. Skv. ákvæðinu verður seljandi að geta fært sönnur á að varan hafi raunverulega verið seld á því verði sem tilgreint er sem fyrra verð.

3.

Í 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 366/2008 er lögð afdráttarlaus skylda á seljendur að geta fært sönnur á að auglýst vara eða þjónusta hafi verið seld á tilgreindu fyrra verði. Leiðbeinandi verð, verð annarra söluaðila eða tillaga heildsala að smásöluverði getur samkvæmt ákvæðinu ekki verið viðmið um fyrra verð vöru eða þjónustu nema seljandi hafi raunverulega selt á því verði. Þar sem Sjónumvarpsmiðstöðin hefur í máli þessu ekki fært sönnur á að umræddar vörur hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði áður en til afsláttar kom, hefur Sjónumvarpsmiðstöðin að mati Neytendastofu, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 auk ákvæða 3. gr. reglna nr. 366/2008.



4.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 getur Neytendastofa lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvæðum laganna og reglum settum samkvæmt þeim, sbr. II. – V. kafli laganna.

Að teknu tilliti til þess að Sjórnvarpsmiðstöðin hefur ekki fært sönnur á að umræddar vörur hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði áður en til afsláttar kom telur Neytendastofa að nýta beri framangreinda sektarheimild. Með tilliti til umfangs brotsins og fyrri sektarákvarðana stofnunarinnar vegna sambærilegra brota telur Neytendastofa hæfilegt að leggja á Sjórnvarpsmiðstöðina ehf., stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 150.000- (eithundraðogfimmtíuþúsundkrónur).

III.

Ákvörðunarorð:

„Sjórnvarpsmiðstöðin ehf., Síðumúla 2, Reykjavík, hefur, með því að kynna vörur á tilboði án þess tilboðsvörur hafi verið seldar á tilgreindu fyrra verði, brotið gegn ákvæðum 5. gr., 1. mgr. 8. gr., d. lið 1. mgr. 9. gr. og 11. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 366/2008 um útsölur og aðra sölu þar sem selt er á lækkuðu verði.

Með heimild í a. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Sjórnvarpsmiðstöðina ehf., að fjárhæð kr. 150.000- (hundraðogfimmtíuþúsundkrónur).“

Neytendastofa, 10. febrúar 2012

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir